

Þingsályktun

um skógræktaráætlun.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hlutast til um að Skógrækt ríkisins geri markvissa skógræktaráætlun fyrir allt landið. Áhersla verði lögð á öflun upplýsinga, skýra markmiðssetningu og stefnumörkun til langs tíma. Áætlunin taki til allra þátta skógræktar og taki mið af þeim áformum sem sett eru með stofnun Héraðsskóga á Fljótshéraði og Suðurlandsskóga.

Samþykkt á Alþingi 16. maí 1997.